



Alþingi
Erindi nr. P 141/1518
komudagur 12.2.2013

Alþingi - allsherjar og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2013
Mál nr. 1302003

Umsögn, tillaga til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa, 471. mál

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis óskaði 23. janúar 2013 eftir umsögnum Samtaka atvinnulífsins, Samtaka verslunar- og þjónustu, Samtaka ferðaþjónustunnar og Landssambands íslenskra útvegsmanna, hér eftir nefnd samtökin, um tillögu til þingsályktunar um endurbætur björgunarskipa, 471. mál.

Samtökin taka undir með flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar að mikilvægt sé að fara í endurbætur og viðhald björgunarskipa. Björgunarskipin sinna nauðsynlegum verkefnum og eru órjúfanlegur hluti öryggis sjófarenda. Það er mikilvægt að allur útbúnaður til björgunar og slysavarna sé ávallt í fullkomnu ásigkomulagi og geti staðið undir þeim verkefnum sem krafist er hverju sinni.

Það er mat samtakanna að Alþingi eigi að samþykkja framkomna þingsályktunartillögu um endurbætur björgunarskipa.

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins

Samtök verslunar og þjónustu

Samtök ferðaþjónustunnar

Landssamband íslenskra útvegsmanna